



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## **FÆREYJARSÖFNUN AFHENDING Á BESSASTÖÐUM**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun í dag afhenda fulltrúum frá landssambandi björgunarsveita Færeyja fé sem safnaðist í landssöfnun sem efnt var til á Íslandi 11. desember síðastliðinn í tilefni af fárviðri sem gekk yfir eyjarnar. Viðstaddir afhendinguna verða fulltrúar frá Björgunarsveitum Færeyja, Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu, Friðrik Ómar og Jógvan Hansen sem stóðu fyrir samstöðutónleikunum í Hörpu, fulltrúar styrktaraðila, tónlistarmenn og aðrir sem stóðu að söfnuninni.

Atburðurinn verður á Bessastöðum kl. 14:30 í dag, föstudaginn 6. janúar, og er fulltrúum fjölmiðla boðið að vera viðstaddir.

*6. janúar 2012*

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),  
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson  
skrifstofustjóri (820 4946) og Elísabet Sveinsdóttir (840 7145).*